

Ed. **212. Frumvarp til laga** [170. mál]

um breyting á lögum nr. 16 24. apríl 1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, sbr. lög nr. 14/1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og orðinn er fullra 65 ára, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.
Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meiri en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir 1. og 2. mgr.

Sjóðfélagi sem notið hefur réttar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna getur valið, kjósi hann svo, að neyta þess réttar fremur en réttar skv. 3. mgr. þessarar greinar. Skal hann þá senda stjórn sjóðsins yfirlýsingu þar að lútandi fyrir lok árs 1981. Að öðrum kosti skal telja að hann hafi valið að njóta réttar samkvæmt þessum lögum.

Nú kýs sjóðfélagi að njóta réttar skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1965 og skal þá farið eftir ákvæðum 10. gr. sömu laga að því er varðar makalífeyri eða ígildi hans.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðsla er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri. Þó skal lífeyrisréttur þeirra, sem notfæra sér heimild 3. mgr. 7. gr. aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst.

4. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

5. gr.

Á eftir 8. gr. laganna bætist ný grein, sem nefnist 8. gr. a, svohljóðandi:

Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktalagsgreiðslu til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturna, þ.e. á tímabilinu frá kl. 22:00—09:00, og skal þá álagsgreiðsla verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktalagsi í iðgjald og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunar- mánaðarlaun þau sem lífeyrir ákvarðast af og iðgjald er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig umreikna skuli áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktalagsi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hve iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförunum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslur fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilíkt tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér tveggja ára lífeyrisrétt vegna vaktaálags til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalds sem reiknað sé samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

6. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10% og sjóðfélaginn hafi greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. falli niður.

2. mgr. og 3. mgr. verði 1. mgr. og 2. mgr. og orðist svo:

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuupphót samkvæmt kjarasamningi sem á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélaga hefur verið 32 ár eða skemmri er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættum 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

8. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinum eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

9. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar skulu greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins.

10. gr.

Í stað fjögurra fyrstu málslíða 1. mgr. 14. gr. laganna komi einn málslíður og orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.

11. gr.

17. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 14/1969, orðist svo:

Allir hjúkrunarfræðingar, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu skyldutryggðir í sjóði þessum. Nemar á námslaunum í hjúkrunarstofnunum skulu og eiga aðild að sjóðnum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðra hjúkrunarfræðinga er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs eða ráðinn að minnsta kosti með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarfræðinga, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarfræðinga á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarfræðinga sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.

12. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og aðrir aðilar sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóði þessum ábyrgjast greiðslur úr honum hver fyrir sinn hóp. Nú reynist einhver aðili sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

13. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Hjúkrunarfræðingar sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar sem tryggt hafa hjúkrunarfræðinga í sjóðnum endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri sem þannig verður greiddur og þeim lífeyri er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

14. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarfræðinga, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður lífeyrissjóðnum, svo og aðrir þeir aðilar sem tryggt hafa hjúkrunarfræðinga í honum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir, með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánnum (verðtryggðum).

15. gr.

22. gr. laganna falli niður. 23. gr. laganna verði 22. gr.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 4., 5. og 9. gr. gilda frá 1. október 1980. Ákvæði 3. og 7. gr. gilda frá 1. ágúst 1980.

Ákvæði til bráðabirgða

Þeir sjóðfélagar sem náð hafa 55 ára aldri fyrir gildistöku laga þessara og eigi hafa tryggt mökum sínum lífeyri skulu bundnir af þeirri ákvörðun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við kjarasamninga ríkissjóðs, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna á s.l. sumri varð samkomulag milli aðila um ýmis mál er snerta lífeyrissjóði þá er starfsmenn ríkisins eiga aðild að.

Fara hér á eftir helstu atriði þessa samkomulags:

1. Ríkisstjórnin fellst á að starfsmenn ríkisins 16 ára og eldri, sem laun taka samkvæmt kjarasamningum BHM og aðildarféлага þess, fái aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um að ræða sumarvinnufólk eða aðra í tímabundnum afleysingum.
2. Gjaldskylda í 32 ár veiti 2% lífeyrisréttindi fyrir hvert ár. Eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur ávinnst 1% fyrir hvert starfsár til 65 ára aldurs og 2% eftir það til 70 ára aldurs.
3. Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hafi sjóðfélaginn gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrir á sjóðfélagstíma sínum skal miða lífeyririnn við hæstlaunaða starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hæstlaunaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
4. Fellt verði úr lífeyrissjóðslögum ákvæði um mismunandi iðgjald. Iðgjald starfsmanna verði framvegis 4% á móti 6% frá vinnuveitanda. Jafnframt verði felld úr lögum skipting eftirlauna í 21 flokk frá 1,6—2,0% fyrir ár. Í staðinn verði 2% fyrir ár hjá öllum.
5. Sambúðarfólk hafi sama rétt og hjón, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1980, sbr. einnig 12. gr. 4. mgr. frumvarps til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.
6. Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.
 - a) Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá kl. 22:00—09:00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
 - b) Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.
 - c) Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.
 - d) Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.
 - e) Iðgjaldagreiðslur sjóðféлага af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
 - f) Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til lífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.
 - g) Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförunum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.
 - h) Iðgjaldagreiðslur fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslunum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvílík tilvik.
 - i) Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.
 - j) Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

7. Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu.

Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu líkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsg., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsg., getur valið, ef hann kys svo, að neyta þess réttar fremur en réttar þess sem um ræðir hér að framan.

8. Haldið verði áfram endurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með þátttöku BHM.

Væntanleg lagabreyting feli í sér þátttöku BHM í stjórn sjóðsins.

BHM tilnefni einn stjórnarmann, BSRB 2 stjórnarmenn og fjármálaráðherra 3 stjórnarmenn. Stjórnin kjósi formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Ákvæði þetta taki gildi 1. janúar 1980. BHM er ljóst að til greina kemur að sjóðir opinberra starfsmanna sameinist í einn sjóð.

9. Tekið verði upp í 4. gr. laganna um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ákvæði sem heimili stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn Bandalags háskólamanna og aðildarféлага bandalagsins.
10. Aðilar eru sammála um að lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánunum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, og verði miðað við, að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum (gjaldföllnum) af þessum 30% af heildarútlánunum (verðtryggðum).

Viðræður um aðrar breytingar á ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum verði teknar upp þegar fyrir liggja niðurstöður á úttekt á stöðu lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna sem tryggingafræðingur vinnur nú að.

11. Lögum um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna nr. 16/1965 og lögum um lífeyrissjóð barnakennara nr. 85/1963 skal í samráði við stjórnir hlutaðeigandi stéttarféлага breytt til samræmis við þær breytingar sem samkomulag þetta gerir ráð fyrir.

Í samræmi við samkomulag þetta voru gefin út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hafa lög þessi, nr. 67/1980, verið lögð fyrir Alþingi til staðfestingar.

Að höfðu samráði við Kennarasamband Íslands varð sú niðurstaða að sameina skyldi Lífeyrissjóð barnakennara Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fyrir Alþingi.

Frumvarp það sem hér er flutt til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hefur að geyma öll þau efnisatriði sem tilgreind eru í samkomulagi fjármálaráðherra, BSRB og BHM. Auk þessara atriða má nefna nokkrar breytingar sem æskilegt er að gera á núgildandi lögum til að auðvelda samskipti við aðra lífeyrissjóði. Svipuðum breytingum hefur verið komið á framfæri við fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar í því skyni að þær verði teknar inn í frumvarpið til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingar þessar verða skýrðar í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sjóðurinn skipti um nafn og beri framvegis heitið „Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga“. Samkvæmt lögum nr. 32/1974 eru starfsheitin „hjúkrunarfræðingur“, „hjúkrunarkona“ og „hjúkrunarmaður“ jafngild en í reynd hafa flestir þeirra er hjúkrunarlögin taka til kosið sér starfsheitið „hjúkrunarfræðingur“. Þessi nafnbreyting er gerð samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands.

Um 2. gr.

Í lögum nr. 16/1965 hljóðar 7. gr. svo:

„Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum en ella við 60 ára aldur.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.“

Í frumvarpinu er lagt til að 5 ára biðtíminn verði afdnuminn. Til þessa hafa ýmsir sem átt hafa skamma viðdvöl í opinberri þjónustu greitt iðgjöld í lífeyrissjóðina án þess að öðlast nokkurn rétt fyrir þær greiðslur þar sem 5 ára markinu varð ekki náð. Nú hafa lífeyrissjóðirnir í landinu stofnað til samtaka í því skyni að koma í veg fyrir niðurfalld réttinda og er þar m. a. við það miðað að biðtími eftir lífeyrisrétti verði að mestu úr sögunni.

Lagt er til að iðgjöld verði greidd í 32 ár í stað 30 ára nú.

Tekin er upp svokölluð 95 ára regla, þó þannig að réttur til eftirlauna fæst ekki fyrir en við 60 ára aldur.

Lagt er til að sjóðfélagar er nú eiga rétt til að hætta 60 ára gegn því að þeir kjósi maka sínum ekki lífeyri, geti haldið þeim rétti, en greina skuli þeir sjóðstjórn frá vali á rétti fyrir lok árs 1981.

Um 3. gr.

Samkvæmt kjarasamningum fá þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 8 ára starfsaldri greidda persónuuppbót sem nemur 24% af desemberlaunum í 3. þrepi 11. ífl. Allir fá því jafna krónutölu í persónuuppbót. Lagt er til að persónuuppbótin verði stofn til lífeyrisgreiðslna þannig að eftirlaunamenn fái sama hlutfall af persónuuppbótinni og eftirlaun þeirra eru af föstum launum. Að öðru leyti er hér vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nánast samhljóða ákvæðum í bráðabirgðalögum um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Til skýringar er hér skotið inn að með „sjóðfélagatíma“ sé átt við veru í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. bráðabirgðalaga nr. 67/1980. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir sérstökum viðbótarlífeyri, m. a. örorkulífeyri og makalífeyri, án þess að fram komi hvernig reikna skuli út þann rétt. Úr þessu er nú bætt í 7. mgr. Ábendingu um þennan ágalla bráðabirgðalaganna hefur verið komið á framfæri við þingnefnd þá er hefur frumvarp til staðfestingar þeirra til meðferðar.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf hjúkrunarfræðingur að hafa verið sjóðfélagi í 5 ár til að öðlast rétt til örorkulífeyris. Með hliðsjón af ákvæðum í reglugerðum fjölmargra lífeyrissjóða, m. a. allra SAL-sjóðanna, er þessi biðtími stytur í 3 almanaksár.

Um 7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna er felld niður en hún fjallaði um að stjórn sjóðsins gæti heimilað sjóðfélaga að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn ýmsum skilyrðum, t. d. að sjóðfélaginn væri heilsuhaustur og aflaði a. m. k. eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans.

Þessi ákvæði þykja eigi í samræmi við það sem tíðkast hjá öðrum sjóðum starfsmanna ríkisins.

Í frumvarpi þessu er lagt til að makalífeyrisreglur Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga verði þær sömu og almennt tíðkast hjá starfsmönnum ríkisins og að rétturinn sé ekki því bundinn að um hann sé sérstaklega sótt.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhliða ákvæðum 10. gr. bráðabirgðalaganna og hliðstæð ákvæðum er flestir lífeyrissjóðir í landinu hafa nú í reglugerðum sínum.

Um 9. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga voru 4,25% af launum. Samkvæmt 3. gr. bráðabirgðalaganna eru iðgjöld til LSR 4% og er það í samræmi við reglur annarra lífeyrissjóða.

Um 10. gr.

Samkvæmt 14. gr. laganna átti sjóðfélagi rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau er hann hafði greitt í sjóðinn, léti hann af stöðu þeirri er veitti honum aðild að sjóðnum. Samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda var lagt við því bann að iðgjöld væru endurgreidd úr sjóðnum hefðu þau réttilega verið greidd til þeirra. Eðlilegt þykir að fella heimild til endurgreiðslu úr þessum lögum.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laganna er fjallað um lífeyrisrétt og segir þar m. a. að fyrir hvert námsár skuli reikna lífeyrisrétt. Hins vegar eru namar ekki taldir í 17. gr. laganna meðal þeirra sem tryggja skuli í sjóðnum. Hér er lagt til að inn í 17. gr. laganna verði skotið setningunni „Namar á námslaunum skulu og eiga aðild að sjóðnum“.

Um 12. og 13. gr.

Engin efnisbreyting. Orðið hjúkrunarfræðingur kemur í stað hjúkrunarkona.

Um 14. gr.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er greint frá samkomulagi ríkissjóðs, BSRB og BHM um að ávaxta skuli a. m. k. 30% af heildarútlánnum lífeyrissjóða í verðtrygðum skuldabréfum og að ríkissjóður greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn geti ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánnum.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins er í samræmi við þetta samkomulag. Talsmenn Hjúkrunarfélags Íslands hafa tjáð sig andvíga þessu ákvæði þar sem það muni, þegar fram í sækir, skerða getu sjóðsins til útlána til sjóðfélaga.

Um 15. gr.

Í 22. gr. laganna segir að ákvæði þeirra giltu einnig um karla er annist hjúkrunarstörf. Með nýrri nafngift til sjóðsins er eigi lengur ástæða til að halda ákvæði þessu í lögum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.